

Eyjardalsvirkjun: Breyting á aðalskipulagi og gerð deiliskipulags.

Skipulagslýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 og gerð deiliskipulags fyrir virkjunarsvæði í Bárðardal.

Eyjardalsvirkjun

Hér er sett fram sameiginleg skipulags- og matslýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 og gerð deiliskipulags fyrir virkjunarsvæði í Bárðardal þar sem Eyjardalsvirkjun ehf. hyggst reisa 700 kW vatnsaflsvirkjun í Eyjardalsá. Virkjunin verður í landi Hlíðarenda og Eyjardalsár. Ráðgjafi við skipulagsgerðina er Efla verkfræðistofa. Skipulagslýsingin er unnin samkvæmt 1. mgr. 30. gr., 1. mgr. 36. gr. og 1. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í lýsingunni eru settar fram áherslur og forsendur sveitarstjórnar fyrir breytingu aðalskipulags og gerð deiliskipulags auk þess er gerð grein fyrir skipulagsferlinu. Þar sem framkvæmdin er tilkynningarskyld skv. 3.22. tl. í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 eru bæði aðalskipulagsbreytingin og deiliskipulagsáætlunin matsskyldar áætlanir skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Því er hér einnig sett fram matslýsing og er hún unnin skv. 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og fjallar um umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslu.

Forsendur og staðhættir

Eyjardalsvirkjun ehf vinnur að undirbúningi virkjunar í Eyjardalsá. Unnið er að mælingum og rannsóknnum og forhönnun virkjunarinnar. Næsti áfangi verkefnisins er því að hefja skipulagsvinnu, kanna matsskyldu og ljúka forhönnun virkjunarinnar.

Virkjunarsvæðið er í vestanverðum Bárðardal í Þingeyjarsveit. Aðkoma að því er um Bárðardalsveg vestri (nr. 842) og vegslóða á Eyjardal. Eyjardalur er grunnur hliðardalur Bárðardals, um hann liggur háspennulína milli Bárðardals og Fnjóskadal. Þrýstipipa virkjunarinnar mun liggja meðfram línunni og vegslóða eftir ávölum ás milli dalanna.

Svæðið er landbúnaðarsvæði eingöngu nýtt til beitir og einkennist gróðurfar svæðisins af því. Vestan við ána er svæðið nokkuð vel gróið mót og graslendi með votlendispollum en austan við ána eru þurrir og upplátnir melar með mólendisflákum. Við stíflustæðið eru bakkar Eyjardalsár nokkuð vel grónir. Gert er ráð fyrir stöðvarhúsi í skriðu í brekkurótum í Bárðardal. Eyjardalsá er ekki fiskgeng á virkjunarsvæðinu og engin veiði á svæðinu.

Virkjunin verður rennissvirkjun án teljandi miðlunar. Inntaksstífla verður á Eyjardal í um 350 m hæð yfir sjávarmáli, ofan hennar myndast allt að 1,0 ha inntakslón, að mestu í farvegi árinna. Þrýstipípan mun liggja eftir lítt grónum ás austan Eyjardalsár, inntaksmannvirki og efrni hluti þrýstipípu sjást því ekki frá þjóðvegi. Neðsti hluti þrýstipípu verður meðfram vegslóða í vestrarhlíð Bárðardals norðan bæjarins Hlíðarenda. Stöðvarhúsið verður í brekkurótum í landi Hlíðarenda sunnan Eyjardalsár. Affallið mun renna út í Eyjardalsá skammt neðan stöðvarhúss.

Virkjað fall er um 180 m, áformað er að virkjað rennili verði um 500 l/s og uppsett afl um 700 kW.

Samkvæmt upplýsingum frá minjaverði Norðurlands eystra hafa fornleifar á svæðinu ekki verið fullskráðar. Þekktar fornleifar í nágrenni virkjunarsvæðisins eru garður á jarðamörkum skammt norðan fyrirhugaðs stöðvarhúss.

Engin verndarákvæði eru í gildi á umræddu svæði og ekki er um að ræða vistkerfi eða jarðminjar sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Sauðfjárbúskapur er bæði á Hlíðarenda og Eyjardalsá.

Virkjunin verður tengd dreifikerfi Raríks í Bárðardal.

Fyrirliggjandi stefna og fyrirhuguð breyting

Í aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 er skilgreind landnotkun á fyrirhuguðu virkjunarsvæði landbúnaðarsvæði og óbyggð svæði. Í skipulaginu er einnig gert ráð fyrir núverandi háspennulínu og annarri fyrirhugaðri.

Breytt stefna um landnotkun á umræddu svæði kallar á breytingu á aðalskipulagi og gerð deiliskipulags.

Breyting á aðalskipulagi

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi mun fela í sér að þar sem stöðvarhúsið er áætlað verður nýtt iðnaðarsvæði merkt á uppdrátt með punkti og einnig verður færð inn afmörkun fyrirhugaðs löns. Í greinargerð verður færð inn umfjöllun um virkjunina. Ófangreind áform verða skoðuð með hliðsjón af stefnu Þingeyjarsveitar eins og hún er sett fram í aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022. En þar segir m.a.: „Meginmarkmið aðalskipulags Þingeyjarsveitar verður að leita leiða og skapa aðstæður til að snúa þróuninni við hvað varðar fækkun íbúa og að fjölga atvinnutækifærum án þess að núverandi gæði sveitarfélagsins raskist. Til að ná þessu markmiði þarf að leggja sérstaka áherslu á eftirfarandi þætti: ...

- Að styðja þróun í landbúnaði og jafnframt að veita svigrúm fyrir ýmsa aukastarfsemi á landbúnaðarsvæðum og víðar, sem nýtjar auðlindir og kosti svæðisins, t.d. í ferðaþjónustu.
- Að gefa svigrúm fyrir atvinnusköpun með nýtingu háhita og orkuvinnslu á þeistareykjiasvæðinu og víðar, til hagsbóta fyrir íbúa Þingeyjarsveitar og héraðsins alls.“

Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu eða aðliggjandi svæðum. Tillaga að deiliskipulagi mun gera grein fyrir starfsemi og mannvirkjum á svæðinu. Gert er ráð fyrir að afmörkun deiliskipulagsins nái yfir öll virkjunarmannvirki auk aðkomuvegar. Skilgreind verður lóð og byggingarreitur fyrir stöðvarhúsið, stíflu og inntaksmannvirki sem og lega fallpípu og aðkomuvegar. Gerð verður grein fyrir athafnasvæðum á framkvæmdatíma og efnistöku innan svæðisins. Í deiliskipulagi verða settir skilmálar um stærð og fyrirkomulag mannvirkja og frágang á svæðinu.

Umhverfismat - matslýsing

Fjallað verður um umhverfisáhrif nýrrar landnotkunar á svæðinu í tillögu fyrir breytingu á aðalskipulagi annars vegar og deiliskipulag hins vegar í samræmi við viðfangsefni hvors skipulagsstigs. Hafa þarf í huga jarðrask vegna framkvæmda og mannvirkja, auk mögulegra áhrifa af minnkuðu rennili á um 3,5 km kaffa Eyjardalsár. Við mat á umhverfisáhrifum aðalskipulagsbreytingarinnar verður gerð grein fyrir líklegum áhrifum á eftirtalda umhverfisþætti: gróður, landnotkun/landbúnað og fornminjar. Við mat á umhverfisáhrifum deiliskipulagsins verður auk þeirra þátta sem fjallað er um á aðalskipulagsstigi gerð grein fyrir líklegum áhrifum á eftirtalda umhverfisþætti: fuglalíf, vatnalíf og veiði, landslag og ásynd og jarðminjar. Minjar á skipulagssvæðinu verða skráðar í samræmi við 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Auk þess verður skoðað hvort á svæðinu finnst tegundir háplantna og fugla á vástum. Að öðru leyti verður matið unnið út frá fyrirbyggjandi opinberum gögnum og þekkingu sérfróðra manna á staðhættum á svæðinu.

Umhverfisþáttur	Stefnuskjöl	Viðmið
Gróður	Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd	1. gr. um markmið laganna. 2. gr. um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir. 61. gr. um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda og 62. gr. um vernd vistkerfa og bakkagróðurs.
Landnotkun	Skipulagslög nr. 123/2010 Landsskipulagsstefna 2015-2026 Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022	1. gr. um markmið laganna. Kaffar 2.1, um sjálfbæra byggð í dreifbýli, 2.3, um sjálfbæra nýtingu landbúnaðarlands og kaffa 2.5, um orkumannvirki og afhendingu raforku.
Fornminjar	Lög nr. 80/2012 um menningarminjar	1. gr. um tilgang laganna og 16. gr. um skipulag og 23. gr. um fornleifar í hættu.
Fuglalíf	Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd Lög nr. 64/1994 um verndun, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.	1. gr. um markmið laganna. 2. gr. um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir. 60. gr. um friðun tegunda. 2. gr. um markmið laganna og 6. gr. um villt dýr og skipulag.
Vatnalíf og veiði	Lög um lax og silungsvæði. Nr. 61/2005	1. gr. um markmið laganna. 2. gr. um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir. 1. gr. um markmið laganna. 2. gr. um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir. 60. gr. um friðun tegunda.
Landslag og ásynd	Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd	1. gr. um markmið laganna. 3. gr. um verndarmarkmið fyrir landslag.
Jarðminjar	Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd	1. gr. um markmið laganna. 3. gr. um verndarmarkmið fyrir jarðminjar, 60. gr. um steindir og steingervinga og 61. gr. um sérstaka vernd jarðminja.

Drög að skipulagsferli


Drög að skipulagsferli og tímasetningum, birt með fyrirvara um breytingar.

Júlí 2018	Skipulags- og matslýsing send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum til umsagnar. Lýsingin verður kynnt almenningi skv. 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 40 gr. skipulagslaga. Gefinn verður þriggja vikna frestur til þess að skila inn athugasemdum.
Október 2018	Tillaga að breytingu á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi á vinnslustigi verða samþykktar í skipulags- og umhverfisnefnd og kynntar almenningi skv. 2. mgr. 30. gr. og 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga.
Nóvember 2018	Tillaga að breytingu á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi eru teknar fyrir í skipulags- og umhverfisnefnd og sveitarstjórn þar sem fjallað er um fram komnar ábendingar og endanlegar tillögur samþykktar til auglýsingar skv. 3. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Tillaga um breytingu á aðalskipulagi er send Skipulagsstofnun til athugunar skv. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga.
Desember 2018	Þegar afstaða Skipulagsstofnunar til tillögu um breytingu á aðalskipulagi liggur fyrir, verða báðar tillögur auglýstar skv. 31. gr. og 41 gr. skipulagslaga. Gefinn verður 6 vikna frestur til þess að skila inn athugasemdum.
Febrúar 2019	Tillögurnar afgreiddar í sveitarstjórn með breytingum sem athugasemdir kunna að gefa tefni til og sendar Skipulagsstofnun. Ætla má að Skipulagsstofnun geti staðfest tillögurnar í janúar 2019 skv. 32. gr. og 42. gr. Skipulagslaga.
Apríl 2019	Gildistaka aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulags auglýst í B- deild stjórnartíðinda.

Kynning og samráð


Lýsingin verður send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum til umsagnar. Almennig gefst kostur á að kynna sér lýsinguna á auglýsingartíma og koma með athugasemdir. Gert er ráð fyrir að eftirfarandi stofnanir verði umsagnaraðilar við gerð skipulagsins:

- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
- Umhverfisstofnun
- Vegagerðin
- Minjastofnun
- Fiskistofa
- Náttúruverndarnefnd Þingeyinga



Úr aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022. Fyrirhuguð virkjunarsvæði er afmarkað með rauðum hring.

SAMÞYKKTIR
Skipulags- og matslýsing þessi var samþykkt í
Skipulags- og umhverfisnefnd:
þann 2018
Sveitarstjórn:
þann 2018
Tillagan var auglýst frá 2018
með athugasemdafresti til 2018



Kort af fyrirhuguðu virkjunarsvæði. Innan þessa svæðis verður deiliskipulagið afmarkað.

Þingeyjarsveit			
Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022 - breyting og deiliskipulag Eyjardalsvirkjunar			
<hr/>			
Skipulagslýsing			
Útgáfa 001			
Skipulagssteikning_Eyjardalsvirkjun.dgn	Mælikvarði	Bláttærð	Tekning nr.
		A2	001
Unnið fyrir	Dags.	Teknað af	
Þingeyjarsveit / Eyjardalsvirkjun ehf	02.05.2018	BDI	
		VERKFRÆÐISTOFA	